

**Nd.**

**383. Breytingartillögur**

**[33. mál]**

við frv. til skipulagslaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr. 4. málgr. orðist svo:  
Nú telur skipulagsstjóri, að byggingarleyfi brjóti í bága við samþykkt eða fyrirhugað skipulag, og skal hann þá leita úrskurðar ráðherra um, hvort það skuli fellt úr gildi. Ef skipulagsstjóri leitar úrskurðar samkvæmt framansögðu, er óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum samkvæmt nefndu byggingarleyfi, unz úrskurður ráðherra liggur fyrir, en leita skal ráðherra áður um-sagnar skipulagsstjórnar og viðkomandi sveitarstjórnar, sem skulu senda um-sagnir sínar innan hæfilegs frests, sem ráðherra tiltekur.
2. Við 3. gr. 2. málgr. orðist svo:  
Sveitarstjórnir þær, er hlut eiga að máli, skipa hvor eða hver um sig tvo menn í samvinnunefnd, en skipulagsstjórn skipar einn mann í nefndina, og skal hann vera formaður hennar.
3. Við 12. gr. Í stað orðanna „sem þar er stundaður, þegar skipulagning er ákveðin“ í 3. másl. 2. málgr. komi: sem þar er fyrir.
4. Við 15. gr. 2. málgr. falli niður.
5. Við 16. gr. Orðið „(skipulagsnefnd)“ í 3. málgr. falli niður.
6. Við 17. gr. Í stað orðanna „samkvæmt 20. og 21. gr.“ komi: samkv. 15. og 16. gr.
7. Við 18. gr. Í stað orðanna „4 vikna“ í 2. málgr. komi: 8 vikna.
8. Við 36. gr. Á undan orðunum „1000 króna dagsektum“ í 2. málgr. komi: allt að.